



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 13. ágúst 2018

R18070074

4450

Skóla- og frístundasvið  
Helgi Grímsson  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

**Ósk um umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar um tillögu um flutning spennistöðvar við Dalskóla, SFS2018060205**

Á 140. fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. júní 2018, var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*"Nýbygging Dalskóla er byggð þétt upp við spennistöð, sem hefur óæskileg áhrif á birtuskilyrði í skólanum auk þess sem foreldrar og starfsmenn skólans hafa áhyggjur af hugsanlegri hættu vegna rafsviðs stöðvarinnar. Skóla- og frístundaráð skorar á borgarráð að beita sér fyrir því að umrædd spennistöð verði flutt í viðunandi fjarlægð frá skólabyggingunni."*

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Umrætt húsnæði er líka dælustöð fyrir snjóbræðslukerfi. Þessi bygging er sameiginleg eign Reykjavíkurborgar og Veitna og var reist á árunum 2007 – 2008.

Í suðurhluta byggingarinnar, sem er í eigu Reykjavíkurborgar, er dælustöð fyrir snjóbræðslukerfi og snýr að nýreistri skólabyggingu. Í norðurhlutanum, sem snýr að Úlfarsbraut, er dreifistöð Veitna ohf. Hlutverk þessara bygginga er annars vegar að sjá um raforkudreifingu í stórum hluta Úlfarsárdal og hins vegar að sjá um snjóbræðslu á götum og gangstéttum á svæðinu. Það er því dælustöðin sem snýr að skólabyggingunni en ekki dreifistöðin.

Dælu- og spennistöðin var á skipulagi og staðsett á þessum stað þegar skólinn og íþróttahús Fram voru vestan og austan bílastæðis mannvirkjanna. Þegar niðurstaða samkeppni um skóla, frístund, bóka- og menningarmiðstöð, sundlaug og íþróttamannvirkja Fram lá fyrir gerðu arkitektar tillögu að því að jarða stöðina á sama stað, lækka stöðina í landinu, en það var ekki talið fýsilegt vegna kostnaðar og var því verkefnið leyst miðað við núverandi staðsetningu stöðvarinnar.

Ef byggja ætti nýja stöð, sem hýsir dælustöð fyrir snjóbræðslu og dreifistöð fyrir rafmagn, mundi gróf kostnaðaráætlun vera um um 100 – 120 mkr. Til viðbótar kemur kostnaður við færslu lagna sem ræðst að því hvar ný stöð yrði staðsett.

Óli Jón Hertervig